

5. Stjórnarfundur Andvara – 2011

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 15.mars kl.18:00.

Mætt voru *Ingibjörg G. Geirsdóttir, Guðjón Arnason, Geirþrúður Geirsdóttir, Hrafnhildur Pálsdóttir, og Þórdís Anna Gylfadóttir.*

Dagskrá fundarins

Karlatölt Andvara

- Stjórnin ætlar að aðstoða karlatöltsnefnd við sölu veitinga á karlatöltinu 25.mars n.k.

Hestadagar LH vikuna 28.mars til 2.apríl.

- Erla Guðný og Gréta Boða ætla að sjá um atriði fyrir Andvara á sýningunni sem verður í reiðhöllinni í Víðidal föstudagskvöldið 1.apríl.
- Jelena Ohm er búin að vera æfa sameiginlegt atriði með unglingunum í Andvara og Gusti fyrir Æskan og hesturinn sem verður á sýningunni, þar sem sýningin Æskan og hesturinn féll niður þetta árið.
- Geirþrúður ætlar að setja inn auglýsingu á Andvaravefinn fyrir þá sem vilja taka þátt í hópreiðinni sem fer frá Tanngarði laugardaginn 2.apríl kl.12:00. Hvert félag sendir 15 félagsmenn
- Dagskrá á vegum Andvara þriðjudaginn 29.mars er tilbúin. Farið verður frá BSÍ kl.9:30 að Hvanneyri þar sem er skipulögð dagskrá í c.a. tvo tíma. Síðan verður farið að Miðfossun þar sem boðið verður upp á hestasýningu. Áætluð heimkoma er kl.16:00. Fararstjóri verður Sveinn Skúlason og borgar Andvari honum laun.

Sumarstörf á vegum Garðabæjar.

- Búið er að sækja um starfsmann fyrir reiðskólann og félagið. Útbúa þarf verkefnalista og skila inn til Garðabæjar fyrir 15.apríl

Starfskýsla fyrir ÍSÍ

- Það þarf að vera búið að skila félagatali inn fyrir 15.apríl. Athuga þarf hvort að öll börn og unglingar sem eru á námskeiðum á vegum félagsins séu ekki skráð í það.

Önnur mál

- Félagið er búið að fá nýjan ískáp merktan coca cola. Einnig eru komin auglýsingaskilti merkt coca cola
- Bæta þarf dómþalli inn í tryggingarnar okkar
- Halldór Halldórsson og Ingibjörg fór á fund með skipulagsráði Garðabæjar þar sem fram koma að það má byggja kvist ofan á hús við Kjóavelli
- Hulda og Ingibjörg fóru á UMSK þing sem var afar fróðlegt
- Geirþrúður ætlar að athuga með að færa viðskipti okkar yfir í Landsbankann.
- Ganga þarf frá styrkjámálum við TM
- Samþykkt var að byggja nýtt gerði fyrir félagsmenn Andvara á Heimsenda.

Fundi slitið.